

## D ó m s o r ð :

Ákærði, Þorvaldur Jónasson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæzluvarðhald hans frá 20. maí 1946 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann er frá sama tíma ævilangt sviptur rétti til að stýra bifreið.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, hrl. Sigurðar Ólasonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1946.

Nr. 137/1946. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna

(Hrl. Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjar-  
sjóðs og gagnsök (Hrl. Einar B. Guðmundsson).**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og  
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.  
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-  
björnssonar.

Útsvarsmál.

## Dómur hæstaréttar.

Sigurður Grimsson, fulltrúi borgarfégetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi, sem hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 2. okt. þ. á., skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 4. s. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 3. þ. m. hefur áfrýjað málinu með stefnu 4. þ. m., krefst þess, að úrskurður fógeta verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma lögtak það, sem í málinu greinir. Svö krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna var stofnuð 1942 og skrásett í firmaskrá Reykjavíkur s. á. Félagar geta þeir einir orðið, sem reka hraðfrystihús, annaðhvort sem eigendur eða leigutakar, og er tilgangur félagsins að selja sjávarafurðir, sem framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsaðilja og ætlaðar eru til sölu erlendis. Svo er það og markmið félagsins að annast innkaup nauðsynja til rekstrar á hraðfrystihúsunum, grennslast eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir félagsaðilja og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir í hraðfrystihúsunum. Félagsaðili hver greiði kr. 500.00 framlag til félagsins, er hann hefur samkvæmt umsókn verið úrskurðaður félagsaðili. Rennur framlag þetta í svonefndan stofnsjóð og er eign félagsaðilja. Svo greiðir og félagsaðili hver 3% af andvirkni afurða, er sölumiðstöðin selur fyrir hraðfrystihús hans á fyrsta heilu starfsári þess. Félagsaðiljar skulu afhenda félaginu alla framleiðslu sína til sölumeðferðar jafnóðum og hún er fullbúin. Annast félagsstjórn síðan sölu afurðanna svo og innkaup allra erlendra efnisvara, sem félagsaðiljar þarfnast til rekstrar á hraðfrystihúsum sínum, annarra en olíu og trékassa. Félagsstjórn heldur eftir 1% af fob söluverði hinna seldu afurða til að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi. Auk þess getur félagsstjórn lagt allt að 15% á kostnaðarverð þeirra nauðsynja, sem félagið selur félagsaðiljum. Aðalfundur getur ákveðið að leggja allt að 25% af rekstrarafgangi í varasjóð, en að öðru leyti skiptist rekstrarafgangur milli félagsaðilja í réttu hlutfalli við seldar afurðir hvers eins. Slíkar fjárhæðir standa sem lán félagsaðilja til sölumiðstöðvarinnar, þangað til aðalfundur gerir aðrar ráðstafanir. Félagsaðiljar bera einungis ábyrgð á skuldbindingum félagsins með framlagi því, er þeir greiða við inngöngu í félagið, svo og með stofnsjóðseign sinni.

Samkvæmt efnahagsreikningi 31. des. 1944 nam stofnsjóður félagsins kr. 154 004.26 og inneignir félagsaðilja kr. 642 413.56. Auk þess voru kr. 760 575.66 geymdar til ráðstöfunar aðalfundar.

Telja verður með visun til þess, sem nú var sagt um skipulag og starfsemi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna,

að söлумiðstöðin sé félag samkvæmt útsvarslögum og starfsemi hennar atvinnustarfsemi, sbr. 6. gr. laga nr. 106/1936 og nú lög nr. 66/1945. Söllumiðstöðin getur ekki talizt í hópi þeirra félaga, sem útsvarslögin eða önnur lög þiggja undan útsvarsgreiðslu. Var aðaláfrýjandi því skyldur til greiðslu útsvars í bæjarsjóð Reykjavíkur árið 1945. Samkvæmt þessu ber að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og leggja fyrir borgarfógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 1500.00.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur, og ber borgarfógeta að framkvæma lögtak það, sem krafizt er.

Aðaláfrýjandi, Söllumiðstöð hraðfrystihúsanna, greiði gagnáfrýjanda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, samtals kr. 1500.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 3. maí 1946.

Gerðarþola, Söllumiðstöð hraðfrystihúsanna hér í bæ, var gert að greiða í útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1945, kr. 6000.00. Þar eð gerðarþoli hefur ekki greitt útsvar þetta, hefur borgarstjórninn f. h. bæjarsjóðs krafizt þess, að það yrði innheimt með lögtaki.

Umboðsmaður gerðarþola hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, þar eð hann heldur því fram, að gerðarþoli sé undanþeginn útsvarsskyldu samkvæmt 6. gr. útsvarslaganna, 2. lið c. Kveður hann Söllumiðstöð hraðfrystihúsanna stofnaða í þeim tilgangi (sbr. 2. og 9. gr. í lögum fyrirtækisins, rskj. nr. 4.) að selja sjávarafurðir, sem ætlaðar eru til sölu á erlendum markaði og framleiddar eru í hraðfrystihúsum félagsmanna, annast innkaup nauðsynja til rekstrar hraðfrystihúsanna, sbr. 9. gr. áðurnefndra félagslaga, leita eftir nýjum mörkuðum fyrir afurðir húsanna og gera tilraunir með nýja framleiðslu og framleiðsluaðferðir hraðfrystihúsanna. Aðra atvinnu en þessa kveður hann gerðarþola ekki reka, og samkvæmt samþykktum félagsins sé ekki gert ráð fyrir, að fé-

lagið safni nokkrum eignum, öðrum en nauðsynlegum varasjóði, sbr. 11. gr. félagslaganna. Til þess að standast kostnað af rekstri félagsins og starfsemi þess allri taki félagsstjórnin 1% af fob söluverði seldra afurða hraðfrystihúsa landsins, sem í félaginu séu, sbr. 10. gr. félagslaganna. Telur umboðsmaður gerðarþola, að gerðarþoli sé þannig samkvæmt eðli sínu og tilgangi alveg hliðstæður Sölusamlagi islenzkra fiskframleiðenda og öðrum slíkum fyrirtækjum til almenningsheilla, og því sé óheimilt að leggja útsvar á gerðarþola, og vísar í því efni til dóms hæstaréttar í málinu nr. 48/1944: Fisksölusamlag Ísafjarðar gegn bæjarsjóði Ísafjarðar. Þá bendir og umboðsmaður gerðarþola á það, að gerðarþoli fái engan hagnað fram yfir það, sem lagt er í varasjóð félagsins, til þess að standast kostnað við reksturinn, sem að framan greinir.

Gerðarbeiðandi hefur hins vegar meðal annars haldið því fram, að gerðarþoli hafi á árinu 1944 rekið annars konar starfsemi heldur en greinir í samþykktum þess. — Það hafi sent fisk til Ameríku fyrir eigin reikning, en ekki í umboðssölu fyrir félagsmenn, og hafi félagið því gerzt kaupmaður fyrir eigin reikning og sé ekki heimild til að undanþiggja þá starfsemi útsvarsskyldu. Telur umboðsmaður gerðarbeiðanda, að hagnaðurinn af þessari verzlun, yfir 92 þúsund krónur, réttlæti fyllilega útsvarsálagningu þá, sem hér um ræðir. Virðist gerðarbeiðandi aðallega byggja fullyrðingu sína um útsvarsskyldu gerðarþola á þessu atriði.

Umboðsmaður gerðarþola svo og framkvæmdarstjóri Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna hafa fyrir réttinum upplýst, að sala sú, sem hér um ræðir, sé á fiski, sem seldur var til Ameríku, og að hagnaðurinn, umræddar 92 þúsund krónur, sé mismunurinn á því verði, sem selt var fyrir til brezka matvælaráðuneytisins, og því verði, sem fékkst út úr þessari Ameríkusölu. Til þess að allir félagsmenn geti verið aðnjótandi þessa hærra verðs, var þeim félagsmönnum, sem afgreiddu ameríkufiskinn, aðeins greitt brezka verðið, en mismunurinn, kr. 92 133.72, færður á rekstrarhagnað Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna til þess þar með að verða deilt hlutfallslega út til allra félagsmanna eftir útflutningsmagni hvers um sig. — Þá getur og framkvæmdarstjórinn þess, að umræddar kr. 92 133.72 séu meðtaldar á rekstrarhagnaði sölumiðstöðvarinnar fyrir árið 1944, að upphæð kr. 760 575.00, en þessum rekstrarmismuni öllum hafi með aðalfundarsamþykkt 1945 verði deilt hlutfallslega niður á alla félagsmenn.

Rétturinn fellst á það, að gerðarþoli sé fyrirtæki rekið til almenningsheilla og eigi því að vera undanþegið útsvari samkvæmt ákvæðum útsvarslaganna, sem áður eru nefnd, enda hefur ekkert komið fram í málinu, er bendir til þess, að gerðarþoli hafi farið út fyrir starfssvið sitt.

Sérstaklega virðist ljóst, að hagnaður sá, sem félagið fékk af

ofangreindri sölu fisks til Ameríku, var deilt milli félagsmanna að réttu hlutfalli, eins og öðrum hagnaði félagsins, þó að samþykkt um það færi ekki fram fyrr en á aðalfundi 1945. Lítur rétturinn því svo á, að synja beri um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á eigi fram að ganga. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 11. desember 1946.

Nr. 6/1946: **Hringbraut 56 h/f** (Hrl. Magnús Thorlacius)  
gegn

**Borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarins**  
(Hrl. Einar B. Guðmundsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og  
hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd.  
Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ás-  
björnssonar.

Skýring og fylling leigusamnings um lóð.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. janúar þ. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir borgarfégeta, aðallega að láta rýma burtu mannvirkjum gerðarþolanda af lóðinni nr. 56 við Hringbraut og fá gerðarbeiðanda umráð lóðarhluta þessa, en til vara, að lagt verði fyrir fégeta að fá gerðarbeiðanda umráð lóðarhlutans án rýmingar á mannvirkjum. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður borgarfégeta verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 7. gr. samnings þess, sem stefndi og Strætisvagnar Reykjavíkur h/f gerðu hinn 21. nóv. 1933, er leigutaka heimilt að selja og veðsetja leiguréttinn að lóðinni í